

Skólaráðsfundur 2. apríl 2019

Mættir: Andrea Ingimundardóttir, fulltrúi grunnskólaforeldra  
Magnús Kári Bergmann, fulltrúi grenndarsamfélags  
Helga Hreiðarsdóttir, fulltrúi leikskólaforeldra  
Viktor Máni Baldursson fulltrúi nemenda  
Linda Viðarsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri

Fjarverandi: Ragnhildur Þórarinsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara  
Helena Katrín Hjaltadóttir, aðstoðarskólastjóri, Elín Ása Bjarnadóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Guðjohnsen formaður foreldrafélagsins.

#### Dagskrá

1. Umræður og samþykkt skóladagatal 2019-2020
  2. Fyrirkomulag matarmála í Dalskóla fram til áramóta 2019-2020
  3. Önnur mál
- 
1. Skóladagatal var lagt fram. Skóladagatalið er hefðbundið. Tvöfaldur skóladagur er talinn skólasetningardagurinn. Starfsdagar grunnskólakennara á starfstíma nemanda eiga að vera fimm, en verða í ár fjórir. Starfsdagar leikskólastarfsmanna eru sex á dagatalinu og starfsdagar frístundahluta eru þrjú auk þess sem frístund er lokuð í vetrarfríi. Skóladagatalið var samþykkt.
  2. Húsnæði eldhúss og mötuneytis í nýja skólanum verður ekki tekið í notkun fyrr en um áramót. Óskað er eftir því að foreldrar nesti börnin sín í grunnskólahluta skólans, alla haustönnina. Dalskóli mun selja einfalt nesti, sem annar matráðurinn útbýr – vera með nestisklippikort.
  3. Öryggismál við Úlfarsárbraut. Foreldrar óska eftir því að skólinn sæki um aukafjármagn til þess að manna gangbraut við skólann yfir Úlfarsbrautina. Þrátt fyrir að komið sé upp gagnvirkt upplýsingaskilti til leiðbeininga fyrir ökumenn er umferð mikil um brautina og allir skólaráðsmenn þekkja til atvika þar sem hurð skall nærri hælum þegar börn þvera götuna.
  4. Breyting á smiðjum í unglिंगadeild næsta vetur. Skólastjóri kynnir að áform eru uppi um að leggja niður smiðjur í þeirri mynd sem þær hafa verið í unglिंगadeild og taka upp fagkennslu í náttúrufræði og samfélagsfræði. Á móti verði þrjú vikur dreifðar yfir árið brotnar upp með þverfaglegri samþættingu allra námsgreina í anda lokaverkefna 10. bekkja. Breytingin mæltist vel fyrir